

Kennsluakademía opinberu háskólanna í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands halda árlega Kennsludaga vikuna 13.-20. mars næstkomandi.

Samtal um nám og kennslu

Markmiðið er að efla samtal um mikilvægi kennslu og kennsluþróunar á háskólastigi.

Kennsludagar hefjast föstudaginn 13.mars og standa yfir í heila viku til föstudagsins, 20.mars þar sem opinberu háskólarnir skipuleggja opna og staðbundna viðburði á öllum sviðum HÍ og hinum opinberu skólunum.

Sérstakir gestir Kennsludaga eru Steven Mintz, prófessor í sagnfræði við Texas-háskóla á vegum Miðstöðvar framhaldssnáms og Åse Nygren, kennsluþróunarstjóri í háskólanum í Blekinge og við Malmö, á vegum Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands.

Kynnið ykkur spennandi og fjölbreytta dagskrá.

Föstudagur, 13.mars

Viðburður á vegum Hugvísindasviðs: Kennsluþróun í hugvísindum: Að fagna fjölbreytileikanum. Árnagarður 310, kl. 15:15-17:15. Staðviðburður. Öll velkomin.

Hugvísindaping hefst þennan dag og markar það upphaf Kennsludaga er meðlimir akademíunnar ásamt öðrum fræðimönnum bjóða til [málstofu um kennslu og kennsluþróun](#). Í málstofunni verður fjallað um fjögur kennsluþróunarverkefni innan hugvísinda. Greint verður frá rannsókn á kennsluháttum og hæfni háskólakennara í íslensku sem öðru máli og frá niðurstöðum könnunar á notkun kynhlutlausra fornafrna til að skapa öruggt námsumhverfi fyrir kynsegin fólk. Þá verður sagt frá reynslu af kennslu Aurora-námskeiðs og niðurstöðum rýnihópaviðtala við nemendur námskeiða þar sem gerð var tilraun með kennslu á tveimur tungumálum samtímis.

Viðburður á vegum Háskólans á Akureyri: Efling nemendamiðaðrar háskólakennsluvinnustofa. Háskólinn á Akureyri, stofa N102, kl.13:30-15:00. Staðviðburður. Öll velkomin.

Meðlimir kennsluakademíunnar í Háskólanum á Akureyri þau Jette Jörgensen, Hafdís Skúladóttir, Sean Michael Scully og Guðmundur Ævar Oddsson bjóða upp á áhugaverða vinnustofu um nemendamiðaða nálgun. Í háskólastarfi er sífellt lögð meiri áhersla á nemendamiðaða nálgun sem lykilþátt í árangursríkri kennslu og þýðingarmiklu námi. Þrátt fyrir það veita hefðbundnar kennslukannanir, sem skila oft lítilli svörun og veita takmarkaða endurgjöf, aðeins þröngt sjónarhorn á upplifun nemenda. Þessi vinnustofa byggir á þremur örkyningum frá kennurum í hjúkrunarfræði og auðlindafræði sem hafa hver um sig kannað leiðir til að hlusta á og samþætta raddir nemenda áður en námskeið hefjast, meðan á þeim stendur og eftir að þeim lýkur.

Þeir sem hyggjast mæta eru beðnir að [skrá sig í Uglu](#) HA en þar má finna frekari upplýsingar.

Mánudagur, 16.mars

Viðburður á vegum Verfræði-og náttúruvísindasviðs: Frá námi til starfs: hvernig tól atvinnulífsins efla verkefnadrifna verkfræðikennslu. Setberg, Suðurberg 305, kl.10:00-11:00. Viðburðurinn er hybrid í Setbergi. Þeir sem ætla að mæta á stað eru beðnir um að [skrá sig í UGLU](#) en einnig er hægt að fylgjast með á Teams. [Hér er hlekkur.](#)

Helga Ingimundardóttir, lektor á Verfræði-og náttúruvísindasviði fjallar um hvernig má nýta verkfæri og vinnulag úr atvinnulífinu, sérstaklega þau sem tengjast agile hugsun og samvinnudrífnum ferlum, til að styrkja verkefnadrifin námskeið þar sem unnið er með forritun og tæknilegar skýrslur.

Sýnt er hvernig hægt er að flétta saman vinnulag og verkfæri sem eru algeng í atvinnulífinu þannig að þau verði eðlilegur og gagnlegur hluti af námsumhverfinu.

Með því að nota tól eins og kóðageymslur, pull requests, sameiginleg vinnusvæði og skýr verkferli fá nemendur tækifæri til að vinna á svipaðan hátt og bíður þeirra í raunverulegum verkefnum eftir útskrift. Einnig er fjallað um hvernig þessi nálgun bætir yfirsýn, eykur fagmennsku og auðveldar bæði nemendum og kennurum að fylgjast með framvindu, skipuleggja vinnu og skila gæðaniðurstöðum. Markmiðið er að tengja námið nær þeim veruleika sem bíður nemenda í starfi og nýta það sem hagnýtan hvata til betra náms.

Viðburður á vegum Kennsluakademiunnar og Kennslumiðstöðvar HÍ: Implementing SoTL in higher education – why, how and to what results? Setberg, Suðurberg 305, kl.13:30-14:30. Fyrirlestur á ensku í boði Áse Nygren sem er Erasmus gestur Kennslumiðstöðvar þessa vikuna. Viðburðurinn er hybrid í Setbergi, Suðurbergi. Þeir sem ætla að mæta á stað eru beðnir um að [skrá sig á UGLU](#) en einnig er hægt að fylgjast með á Teams. [Hér er hlekkur.](#)

Um Áse Nygren: Áse Nygren works as an academic developer at Blekinge Institute of Technology and Malmö university. She has extensive experience of academic development work and is an active researcher in the field. She has worked in depth with the development pedagogical qualifications systems as well as on the development of research and collaboration merits. She is a member of the Swedish national chapter of CoARA and the the national expert group on academic merits assigned by the Association of Swedish Higher Education Institutions.

Um erindið: The Scholarship of Teaching and Learning (SoTL) has become an increasingly important feature in higher education worldwide. In this presentation within the Teaching Academy, Áse Nygren explores how SoTL has been implemented at

Swedish universities and examines the implications of these developments. She also draws on selected international examples for comparison. Additionally, Nygren highlights productive strategies for academic development work, offering practical insights for supporting faculty and enhancing teaching practices. This talk provides valuable perspectives for educators, academic developers, and institutions interested in fostering evidence-based approaches to teaching and learning.

Viðburður á vegum Hugvísindasviðs: “Uppáhaldsnámskeiðið mitt”. Veröld, 15:15-16:15. Stofa: Heimasvæði tungumála. Staðviðburður. Öll velkomin.

Kennarar og nemendur á Hugvísindasviði ræða saman um það hvað einkennir gott námskeið og hvers vegna. Nemendur tilgreina eitt eða fleiri af sínum upphaldsnámskeiðum og segja frá því af hverju námskeiðið(in) er(u) í svo miklu upphaldi. Er það innihaldið eða starfshættirir/skipulag? Hvað hefur nemendum fundist virka vel hvað varðar efni, kennsluaðferðir, námsmat eða annað. Markmiðið er auðvitað það að öll námskeið verði upphaldsnámskeiðið mitt.

Priðjudagur 17.mars

Viðburður á vegum Heilbrigðisvísindasviðs: Kennsluspjall við nemendur. Hagí. 17. mars, kl. 11:30–12:30. Staðviðburður. Öll velkomin.

Kennarar í Lyfjafræðideild bjóða í kennsluspjall. Nemendum og kennurum verður boðið í létt spjall og veitingar í Haga, þar sem nemendum gefst tækifæri til að spjalla við kennara deildarinnar í afslöppuðu umhverfi.

Viðburður á vegum Kennsluakademíunnar og Miðstöðvar framhaldsnáms: Transformative teaching and student learning. Setberg, Suðurberg 305, kl. 12:00-13:15.

Fyrirlestur [Steven Mintz](#) sem er sérstakur gestur Miðstöðvar framhaldsnáms þessa vikuna. Viðburðurinn er hybrid í Setbergi. Þeir sem ætla að mæta á stað eru beðnir um að [skrá sig í UGLU](#) en einnig er hægt að fylgjast með á Teams. [Hér er hlekkur.](#)

Um Steven Mintz: Steven Mintz is an award-winning teacher, author, and pioneer in applying new technologies to teaching and research. Professor of History at the University of Texas at Austin and the author or editor of 17 books, including, most recently, *The Learning-Centered University* and *The American Child: The Transformation of Childhood Since World War II* (with Peter N. Stearns), Mintz is a leading authority on families, the life course, and higher education’s past, politics, and future. He served as the founding director of the University of Texas System’s Institute for Transformational Learning, where he led the design and testing of innovative, technology-driven educational models to expand access, affordability, and student success. He served as senior advisor for student success at Hunter College and as director of Columbia University’s Graduate School of Arts & Sciences Teaching Center. Mintz has also served

as president of the Society for the History of Children and Youth and H-Net, led the Council on Contemporary Families, and held fellowships at Stanford and Harvard. His public writings appear on Substack, *Inside Higher Ed*, and the *Chronicle of Higher Education*.

Viðburður á vegum Landbúnaðarháskóli Íslands: [Viðburðirnir eru á Teams](#), klukkan 12.30-13 og eru öllum opnir. Athugið: Um er að ræða þrjá viðburði sem spanna þrjá daga.

LBHÍ stendur fyrir hádegisspjalli **dagana 17.-19.mars** þar fjallað verður um kennslu í skólanum. Markmiðið er spjalla saman um nýjungar í kennslumálum og rannsóknum tengdum þeim. **Þriðjudaginn, 17.mars** mun Jón Hjalti Eiríksson lektor við Ræktun og fæðu fjalla um könnun á kennsluaðferðum og fjarnámslausnum í grunnnámi hjá Lbhí. **Miðvikudaginn, 18.mars** mun Emmanuel Pagneux, meðlimur Kennsluakademíunnar og dósent í Landupplýsingafræði og fjarkönnun fjalla um notkun tveggja þrepa verkefnaskila í grunn- og framhaldsnámskeiðum í landupplýsingakerfum. **Fimmtudaginn, 19.mars** mun Jóhanna Gísladóttir lektor við Ræktun og fæðu fjalla um að endurhugsa námsmat.

Kennslukaffi á vegum Kennsluakademíunnar og Kennslumiðstöðvar HÍ. Åse Nygren: How are students using AI? Setberg, Suðurberg, 305, kl.15-16. Á ensku.

Viðburðurinn er hybrid í Setbergi og fer fram á ensku. Þeir sem ætla að mæta á stað eru beðnir um að [skrá sig á UGLU](#) en einnig er hægt að fylgjast með á Teams. [Hér er hlekkur.](#)

In a recent study conducted at two Swedish universities with contrasting academic profiles—a technology-focused institution and a more broadly oriented one—Åse Nygren, Emil Alégroth, Jeanette Sjöberg and Anna Eriksson investigated university students' perceptions and proficiency in integrating generative artificial intelligence (GenAI) into their higher education experience. Åse Nygren will discuss the implications of the study, which surveyed 1,097 students from diverse disciplines such as engineering, nursing, and criminology. The central questions guiding the study were: How do students actually use GenAI in their studies? What attitudes do they hold toward this technology? Do they view it as a replacement for traditional teaching and learning? And do these perceptions and usage patterns differ significantly between students at a specialized technical university and those at a comprehensive university? The results reveal that students actively employ GenAI for a broad range of purposes—from idea generation and summarizing to editing and problem-solving—and express an overall positive attitude toward the tool. Crucially, they do not perceive GenAI as a substitute for conventional education, human instructors, or peer interaction; instead, they see it as a valuable complement. These insights underscore the need for pedagogical strategies that encourage critical, reflective engagement with GenAI to promote deeper learning and strengthen student agency in an AI-augmented academic landscape.

Miðvikudagur 18.mars

Fyrirlestur í boði Háskólans á Akureyri Kl. 12:00-13:00. Sjónhverfing skilvirkni: Hvernig þægindavæðing með gervigreind í menntakerfinu skapar vitræna skuld. Magnús Smári Smáráson. Í stofu M102 í Háskólanum á Akureyri og í streymi. [Hér er hlekkur á streymið.](#)

Markaðssetning gervigreindalausna lofar iðulega að losa okkur undan „forminu“ svo við getum einbeitt okkur að „efninu“. Þetta er þekkingarfræðileg blekking sem þjónar framleiðnikröfum en svíkur menntunina. Þegar við útvistum hugsun til mállíkana – hvort sem það er kennarinn við yfirferð eða nemandinn við textaskrif – fórnum við vitsmunalegum núningi, sem er helsti drifkraftur gagnrýnnar hugsunar. Við erum ekki að frelsa hugann, heldur byggja upp „vitræna skuld“ þar sem hæfni til sjálfstæðrar greiningar rýrnar stöðugt.

Ef skilvirkni kemur í stað nauðsynlegs núnings, hverja erum við þá að útskrifa? Framkvæmd menntunar á tímum gervigreindar má ekki verða auðveldari. Hún verður að vera krefjandi bæði fyrir nemendur og kennara, því aðeins þannig mótumst við sem manneskjur sem hugsa, ekki aðeins sem milliliðir á milli úttaks véla og raunveruleikans. [Hlekkur á viðburðinn](#) á síðu Háskólans á Akureyri.

Um fyrirlesara Magnús Smári Smáráson er verkefnastjóri á sviði gervigreindar við Háskólann á Akureyri. Erindið byggir á meistararitgerð hans, *Beyond Fragmentation*, þar sem hann setur fram gagnrýna, lífsgildamiðaða nálgun á stjórnarhætti gervigreindar og rýnir í hugtakið „vitræn skuld“ sem er einn af meginþráðum erindisins. Á heimasíðu sinni, www.smarason.is, miðlar hann nánar efni um rannsóknir sínar, hugbúnaðarsmíði og ábyrga stjórnarhætti gervigreindar.

Stafrænn fyrirlestur á vegum Félagsvísindasviðs HÍ: Sveigjanlegt fjarnám í safnafræði við Háskóla Íslands. Kl.14:30-15:30. [Hér er hlekkur á viðburðinn.](#)

Guðrún Dröfn Whitehead, lektor í safnafræði. Frá árinu 2009 hefur safnafræði boðið upp á þann möguleika að stunda nám í fjarnámi. Í upphafi var boðið upp á blöndun af stað- og fjarnámi, en árið 2014 var orðið ljóst að meirihluti nemenda var skráður í fjarnám. Í ljósi þess var ákveðið að hanna námslínuna í safnafræði alfarið út frá forsendum fjarken nslu. Frá hausti 2016 hefur verið boðið upp á öll kjarnánámskeið í safnafræði eingöngu í fjarnámi. Þar er leitast við að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti í fyrirlesturum og verkefnum. Námið er í sífelldri þróun, þar sem kennarar safnafræðinnar leitast við að efla gæði og fjölbreytileika kennsluhátta.

Í þessum fyrirlestri mun Guðrún Dröfn Whitehead, lektor í safnafræði, kynna þróun fjarnáms í safnafræði, með sérstakri áherslu á þær áskoranir og tækifæri sem felast í námslínu kenndri einungis í fjarnámi. Leitast verður við að veita hagnýta yfirsýn yfir forsendur breytingarinnar, hver fyrstu skrefin voru og hvaða lærdóm má draga af því. Sérstök áhersla verður lögð á að hugleiða mikilvægi sveigjanleika fjarnáms, ekki síst í ljósi námsmats, rauntímapáttöku nemenda, og ólíkra þarfa nemenda.

Í lokin gefst tími til þess að spjalla og spyrja spurninga. Allir þeir sem hafa áhuga á fjarnámi eru hvattir til að mæta, hvort sem þau eru að taka sín fyrstu skref eða eru þaulreynd og tilbúin að veita ráðleggingu.

Fimmtudagur, 19.mars

Viðburður á vegum kennsluþróunarstjóra við Háskóla Íslands: Vinnustofa um hæfniramma háskólakennslu. Boðið er sérstaklega á vinnustofuna. Þessi vinnustofa er staðviðburður í Setbergi-Suðurbergi 305, kl.14:30-16:00.

Föstudagur, 20. mars

Opinn kennsluþróunarstjórafundur í Setberg, Miðbergi, kl.9:00-10:30. Til fundarins eru boðaðir þeir sem sinna kennsluþróun á háskólastigi. Þar mun Áse Nygren fjalla um hvernig má meta áhrif eða gildi kennsluþróunar. [Hér er hlekkur á Teams.](#)

Fundurinn er hybrid í Miðbergi með kennsluþróunarstjórum. Gestir fylgjast með á Teams. [Hér er hlekkur.](#) Á ensku

How to be change agents? A discussion on the impact of academic development

Academic development has become a cornerstone of higher education, with academic developers playing a key leadership and supportive role in enhancing teaching and learning. Yet a persistent question remains: How do we truly know if—and how—our work influences educational practice? Áse Nygren will explore the core challenges in assessing the impact of academic development initiatives. These include difficulties in linking interventions to changes in faculty behavior, measuring long-term effects on teaching practices and student outcomes, and navigating the complexities of attribution in a multifaceted academic environment. She will also share practical ways to promote and demonstrate greater impact, productive strategies for academic development work, offering actionable insights to better support faculty, foster reflective practice, and contribute to sustainable improvements in teaching and learning across the institution. This informal session is an excellent opportunity for academic developers, faculty, and leaders to discuss real-world experiences, share ideas, and reflect on making our efforts more visible and effective.

Í stýrihópi kennsludaga árið 2026 eru Guðmundur Ævar Oddsson á Félagssviði Háskólans á Akureyri, Guðrún Geirsdóttir á Menntavísindasviði og á Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og Rannveig Sverrisdóttir á Hugvísindasviði við Háskóla Íslands. Tengiliðir stýrihópsins voru meðlimir og stjórn Kennsluakademíunnar.

